

Skýrsla stjórnar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2015-2016

Flutt á klúbbfundi 30. júní 2016

Ágætu félagar (og gestir) !

Nú er 70. starfsár klúbbsins okkar senn á enda, hann var stofnaður 9. okt. 1946 og munum við fagna 70 ára afmæli með veglegum hætti í haust.

Þegar ég hafði flutt stefnuræðu mína fyrir tæpu ári síðan óskuðu þið klúbbfélagar mér og stjórninni velfarnaðar. Ég fann að það voru gerðar til okkar væntingar um kröftugt og skemmtilegt klúbbstarf á starfsárinu. Árið var fljótt að líða og þegar maður nú horfir til baka spyr maður sig hvort staðið hafi verið undir þeim væntingum. Ég vona að svo hafi verið í meginatriðum. Alla vega er nú komið að lokum starfsársins og hlutverk mitt að fara yfir það helsta sem frásagnar er vert frá starfsárinu.

Í fráfarandi stjórn klúbbsins eru auk mín Bessi Þorsteinsson verðandi forseti, Gylfi Sigurðsson ritari, Helgi Þórisson gjaldkeri, Helgi Ásgeir Harðarson stallari og Jóhannes Pálmi Hinriksson fráfarandi forseti. Góður andi og samstaða hefur ríkt í stjórninni og vil ég þakka meðstjórnendum mínum samstafið. Sérstakar þakkir vil ég færa Pálma sem óspart miðlaði mér af reynslu sinni og ávallt hefur verið boðinn og búinn til liðsinnis þegar eftir hefur verið leitað.

Ég færi jafnframt nefndum klúbbsins og formönnum þeirra sérstakar þakkir fyrir dugnað við að útvega áhugaverða fyrirlesara. Sá mikilvægi þáttur starfsins var með ágætum á starfsárinu eins og reyndar hefur verið einkenni okkar klúbbstarfs. Á þessu starfsári var tekin upp sú nýbreytni að nefndirnar sjái um fundarefni 3 – 4 fundi í röð. Hugsunin með því var sú að þær yrðu virkari og ættu auðveldara með að annast sitt verkefni. Þetta hefur að mati stjórnar reynst allvel og verður óbreytt fyrirkomulag á næsta ári.

Starfsnefndum þakka ég einnig vel unnin störf. Skemmtinefnd undir forystu Erlendar Geirs og Sigurjóns hafði í mörgu að snúast, árshátíð, jólafundur og Þorrablót tókust með ágætum.

Ferðanefnd undir forystu Péturs Óskarssonar og Ólafs Magnússonar hefur einnig staðið í ströngu þó ekki yrði af ferðalögum á árinu. Þátttaka reyndist ekki næg í Kanadaferð sem fyrirhuguð hafði verið og hótalgisting fékkst ekki á sunnanverðum Vestfjörðum fyrir fyrirhugaða ferð þangað. Nefndin hefur hins vegar skipulagt mjög áhugaverða ferð til Sankti Pétursborgar sem farin verður nú í ágúst og er fullbókað í hana. Fyrirhuguð er síðan ferð á sunnaverði Vestfjarða næsta sumar.

Öðrum starfsnefndum þakka ég einnig fyrir þeirra störf, Félaganefnd sem aðstoðaði stjórnina við undirbúning að inntöku nýrra félaga, Landgræðslunefnd sem heldur utan um skógarlundinn okkar, Verðlaunanefndin sem stendur fyrir veitingu viðurkenninga í skólum bæjarins, vefnefnd sem heldur utan um vefinn okkar, golfnefnd sem stendur fyrir þátttöku

okkar í golfmóti hreyfingarinnar (sem stendur einmitt yfir í dag). Stjórn Framkvæmdasjóðs mun hér á eftir gera sérstaklega grein fyrir sínum störfum.

Eins og fram kom í upphafi máls míns á klúbburinn okkar stórafmæli í haust. Stjórnin skipaði sérstaka afmælisnefnd undir forystu Gylfa Sigurðssonar, en með honum eru þau Gerður Guðjónsdóttir, Haukur Birgisson, Erlendur Geir Arnarson og Sigurður Björgvinsson. Inner Wheel Hafnarfjörður á einnig stórafmæli í ár og hefur tekist samstarf við þær Inner Wheel konur um að halda sameiginlega afmælishátíð hinn 8. október nk. Mun ný stjórn gera nánari grein fyrir undirbúningi og tilhögun hennar síðar.

Það samfélagsverkefni sem stjórnin og klúbburinn setti í forgang á starfsárinu var að halda áfram að gera fólki auðveldara að njóta útivistar í landi Hafnarfjarðar með því að gert yrði nýtt bílastæði við Krýsuvíkurveg og þar sett upp leiðbeiningarskilti um Almenninga. Þar er að finna víðlent skóglendi og merkar forn- og náttúruminjar. Var grein gerð fyrir þessum fyrirætlunum í stefnuræðu forseta og á klúbbþingi sl. haust. Utanumhald þessa verkefnis var í höndum forseta sjálfs en eins og greint var frá á síðasta fundi hafa orðið veruelgar tafir á framgangi þessa verkefnis. Gerð bílastæðisins verður að vera framlag bæjarins og höfum við fyrirheit bæjarstjóra um það. En landið er í eigu Skógræktar ríkisins og var það sett sem skilyrði af hálfu bæjarins að Klúbburinn aflaði samþykkis hennar. Það flækir málið að land á þessum slóðum var af Skógræktinni úthlutað í erfðafestu í fjórum hlutum og hefur hún annast samráð við handhafa þeirra um verkefnið. Ágreiningur kom upp um það hvernig útfærslu skyldi háttáð sem ekki hefur verið leyst úr. Almennt er þó til staðar jákvæður vilji til að finna á þessu lausn þannig að framkvæmdir geti hafist síðar í sumar eða haust. Þessi framvinda mála veldur mér vonbrigðum, en vonandi finnst góð lausn og verðandi stjórn hefur óskað eftir því að ég fylgi málinu eftir. Ég býðst jafnframt til að standa fyrir ferð um þetta svæði með ykkur klúbbfélögum sem áhuga hafið snemma í haust.

Ég vil rifja það upp að okkar góði klúbbfélagi, Jón Bergson heitinn var frumkvöðull þess að kanna þetta svæði og færa inn á kort ýmislegt markvert sem þar er að finna. Átti ég nokkur samtöl við hann um þessi mál hér á árum áður og hef undir höndum kortamöppu sem hann tók saman. Þetta verkefni er því í raun til góðarar minningar um Jón og hans útivistaráhuga.

Á síðasta starsári, 2014 – 15 var lögð mikil áhersla á að kynna starfsemi hreyfingarinnar meðal almennings og þá stofnað til Rótarýdagsins. Við vorum þá með fjölbreytta dagskrá á deginum, en á þessu starfsári var ákveðið að fara aðeins aðra leið og kynna hreyfinguna og starf hennar með vönduðum hætti í bæjarfjölmiðlinum okkar, Fjarðarpóstinum. Ég held að þar hafi vel tekist til og kann ég þeim sem hönd lögðu á plóg hinar bestu þakkir.

Skiptinemastarfið er mikilvægur þáttur í starfi Rótarýhreyfingarinnar. Hún er með því að leggja sitt af mörkum til að efla kynni og skilning milli þjóða og jafnframt að gefa ungmennum tækifæri til aukins þroska. Við vorum ekki með skiptinema á síðasta ári, en núverandi stjórn og verðandi stjórn tóku sameiginlega ákvörðun um að svo yrði á næsta ári. Mun verðandi forseti kynna það nánar.

Frá og með starfsárinu 2014 – 15 tók Rótayhreyfingin upp markvissari vinnubrögð en áður höfðu verið með því að klúbbar mótuðu sér stefnu og gerðu starfsáætlanir. Kynnti ég í stefnu og starfsáætlun okkar klúbbs, sem verðandi stjórn hafði gert í stefnuræðu minni 1. Júlí 2015. Sett voru þrenn markmið verðandi þróun félagsildar að klúbbum:

- Að fjölga félögum um 3 – 4 á ári. Það hefur tekist á þessu starfsári, 5 nýir félagar gengu í klúbbinn, en 2 hættu.
- Að jafna kynjahlutfallið. Lagt var í nokkra vinnu við skoða skipulega hvernig þessu markmiði mætti ná, en ekki náðist árangur á starfsárinu. Hlutfall kvenna í klúbbum okkar er verulega undir landsmeðaltali og því þarf nú að bretta upp ermar.
- Að fjölga starfsgreinum sem félagar eru fulltrúar fyrir. Þeim hefur fjölgað en enn vantar fulltrúa fyrir nokkarar mikilvægar starfsgreinar.

Það er því þannig, eins og oft vill verða, að markmiðin hafa náðst að hluta en verk er enn að vinna.

Klúbburinn okkar er hluti íslenska Rótaryumdæmisins. Á umdæmisþingi sem haldið er ár hvert hittast forsvarsmenn allra Rótaryklúbba landsins. Þingið var í ár haldið í Borgarbyggð á vegum Rótaryklúbbs Borgarness þar sem Magnús B. Jónsson umdæmisstjóri er félagi. Við Gylfi Sigurðsson sóttum þingið sem að okkar mati var einstaklega vel skipulagt, og bæði fróðlegt og skemmtilegt. Umdæmisþingin eru opin öllum Rótaryfélögum og etv. ættum við öll í okkar klúbbi að leggja meiri rækt við að sækja þau.

Verðandi umdæmisstjóri er Guðmundur Jens Þorvarðarson félagi í Rótaryklúbbi Kópavogs og verður umdæmisþingið því haldið þar í bæ nú í haust.

Umdæmið okkar og þar með við í okkar klúbbi erum hluti af Alþjóðahreyfingunni, Rótary International. Alþjóðaforssetinn þetta starfsárið heitir K.R. Ravindran, en kallar sig „Ravi“, félagi Rótaryklúbbs Colombo á Sri Lanka. Slagorð hans var “Be a gift to the World” sem þýtt var „verið veröld gefandi.“ Forseti 2016 -17 verður John F. Germ, Rótaryklúbb Chattanooga í Tennessee, USA. Slagorð hans verður „Rotary Serving Humanity“ sem ég leyfi mér að þýða „Rótary í þjónustu mannkyns“, en það er umdæmisstjórnarinnar að þýða slagorðin formlega á íslensku.

Félagar í hreyfingunni eru nú um 1,2 milljónir. Þeim fjölgar í Asíu en fer heldur fækkandi á vesturlöndum þar sem sífelld harðari samkeppni er um tíma fólks. Á Íslandi eru nú 31 klúbbur starfandi og hefur Rótaryfélögum fjölgað nokkuð á starfsárinu. Óvíska eru jafnmargir félagar miðað við hina margfrægu höf'atölu.

Heimsþing Rótary eru stórir og mjög áhugaverðir viðburðir, en ég hef enn ekki kynnst því af eigin raun. Þátttakendur eru gjarna 15 – 20 þúsund og dagskráin mjög fjölbreytt. Þing þessa starfsárs var haldið í lok maí sl. í Seul í S-Kóreu en næsta þing verður í Júní 2017 í Atlanta í Georgíu, USA.

Að vera í forsvari fyrir Rótarýklúbb er heilmikið viðfangsefni, en um leið uppbyggileg reynsla sem nýtist í daglegu lífi. Í undirbúningsferlinu eru námskeið þar sem verðandi leiðtogar klúbbanna kynnast vel göfugri hugmyndafæði hreyfingarinnar og starfsemi hennar á alþjóðavísu. Í forsetastarfinu kynnist maður jafnframt forystumönnum umdæmisins og annarra klúbba. En mestu skipta þó öll hin góðu samskiptum sem maður á við sína eigin klúbbfélaga. Allt er þetta félagslega þroskandi og skemmtielgt. Kæru félagar ég þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið á því starfsári sem nú er að ljúka.

30.6.2016

Eyjólfur Þór Sæmundsson, forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2015-16